

Sveitarfélagið Ölfus  
Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 6. júlí 2020  
UST202006-315/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Breyting – Aðalskipulag Ölfus 2010-2022 og deiliskipulag fyrir miðbæjarkjarna í Þorlákshöfn**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 29. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 og deiliskipulagi fyrir miðbæjarkjarni í Þorlákshöfn

Í greinargerð kemur fram að breytingun gengur út á að miðsvæði (M1) norðan Selvogsbrautar minnkar nyrst og vestast en stækkar þess í stað til austurs á kostnað athafnasvæðis (A1) og verslunar- og þjónustusvæðis (V1). Auk þess kemur fram að nýtt íbúðasvæði (Í12) er skilgreint á milli Í9 og M1 og minnkar Í9 lítillega við það og athafnasvæði (A1) minnkar sömuleiðis lítillega á kostnað hins nýja íbúðasvæðis (Í12).

### **Hraun**

Umhverfisstofnun bendir á að nyrst á skipulagssvæðinu er forsögulegt hraun sem nefnist Heiðin há. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er gróðurhulan frekar þunn þar sem ríkjandi vistgerðir eru lynghraunavist, mosahraunvist og lúpína.

Umhverfisstofnun bendir á að hraun fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hraunið og vistgerðirnar í umhverfisskýrslu og áhrif tillögunnar sé metin á ofangreinda þætti.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi svæðisins séu metið og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna.


Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefansson  
sérfræðingur